

Umdæmissjórnarfundur Kiwanis haldinn í Kópavogi 22. Janúar 2011.

Skýrsla svæðisstjóra Þórsvæðis.

Undirritaður var settur í embætti á fyrsta fundi nýrrar svæðisstjórnar, sem haldinn var í Kópavogi sunnudaginn 12. September sl., í framhaldi af velheppnuðu umdæmisþingi sem haldið var í Salnum í Kópavogi dagana á undan.

Aðrir í svæðisstjórn eru Hörður Mar, sem gegnir stöðu viðtakandi svæðisstjóra og Jón Eiríksson, fráfari svæðisstjóra. Til stóð að Kiwanisklúbburinn Esja tilnefndi fulltrúa í svæðisstjórn en ekki hefur orðið að því ennþá og ekki reiknað með því úr því sem komið er og hefur Jón Eiríksson því tekið að sér starf ritara svæðisins.

Yfirstandandi starfsár er síðasta starfsár Þórsvæðis og er nú þegar hafinn undirbúningur að stofnun nýs svæðis sem verður til með sameiningu Þórsvæðis fyrir utan Færeyjaklúbbana, og Eddusvæðis. Umdæmisstjóri kallaði svæðisstjóra og kjörsvæðisstjóra þessara tveggja svæða til fundar í Nóvember sl., og var þar tekin ákvörðun um að fyrsti svæðisstjóri hins nýja svæðis skyldi verða núverandi kjörsvæðisstjóri Eddusvæðis og að kjörsvæðisstjóri Þórsvæðis yrði fyrsti kjörsvæðisstjóri hins nýja svæðis.

Sameiginlegur stjórnarfundur Þórsvæðis og Eddusvæðis var haldinn að Engjateig þann 11. Janúar sl., og var tilgangur fundarins að hefja undirbúning að stofnun nýs svæðis. Ákveðið var á þessum fundi að næstu svæðisráðstefnur Þórsvæðis og Eddusvæðis skyldu sameinaðar í einn fund sem haldinn verður í klúbbhúsi Kiwanisklúbbsins Geysis í Mosfellsbæ þann 26. Mars. Stjórnirnar voru sammála um að nafn á þessu nýja svæði skyldi ákveðið á þessari svæðisráðstefnu og jafnframt var ákveðin sameiginleg tillaga stjórna Eddu- og Þórs um að hið nýja svæði skuli heita „Freyjusvæði“. Verður sú tillaga lögð fyrir fundinn og samþykkt nema fram komi á fundinum önnur tillaga sem hlýtur meira fylgi.

Þá ákváðu stjórnirnar að hittast aftur einu sinni eða tvisvar, til undirbúnings svæðisráðstefnunnar og til tillögugerðar um starfshætti og skipun eða kjör embættismanna hins nýja svæðis.

Stjórnarskipti hafa farið fram í öllum klúbbum á Þórsvæði. Fyrsti stjórnarskiptafundurinn var 25. September hjá Heklu og var haldinn að Flúðum, þar sem félagar komu saman í helgarferð, ásamt mökum, og gerðu sér dagamun af þessu tilefni.

Stjórnarskipti í Elliða voru haldin á reglubundnum fundiartíma þeirra og fóru fram á Hótel Loftleiðum. Þar var Hörður Mar svæðisstjóra til aðstoðar, sem og á sameiginlegum stjórnarskiptafundi Esju og Geysis, sem haldinn var í félagsheimili Geysis föstudaginn 1/10.

Sameiginleg stjórnarskipti klúbbanna í Færeyjum voru haldin Laugardaginn 9. Október. Jón Eiríksson, fráfaramaður svæðisstjóri, var með í ferðinni til Færeyja og aðstoðaði við stjórnarskipti þar.

Síðustu stjórnarskiptin voru síðan á Ísafirði 13/10 á stjórnarskiptafundi hjá Básam.

Skýrsluskil klúbba hafa verið með ágætum með þeim undantekningum þó að klúbbarnir Eysturöy og Tórshavn hafa engum skýrslum skilað, þrátt fyrir að þráfaldlega hafi verið eftir þeim gengið og Kiwanisklúbburinn Elliði hefur ekki skilað, þegar þetta er skrifað, skýrslum fyrir nóvember og desember.

Starfið í þeim klúbbum sem skilað hafa skýrslum virðist vera nokkuð öflugt, þó að vísu sé það mismikið. Meðalmæting á almenna fundi og félagsmálafundi er tæp 72%. Því miður er nokkur fækkun félaga á svæðinu en félögum í Heklu og Esju hefur fækkað um 3 í hvorum klúbbi og um einn félag í Básam. Þarna kemur bæði til að félagar hafa fallið frá og síðan hafa verið nokkuð um úrsagnir, sem tengjast m.a. aldri og heilsufari viðkomandi félaga.

Klúbbar á Þórssvæði, þeir sem skýrslum hafa skilað, hafa lagt frá um 15 vinnustundir á hvern félag, fjáröflun í styrktarsjóði er rúmar 11 þúsund krónur á félag og veittir styrkir tæpar 12 þúsund krónur á félag.

Allir klúbbar á Þórssvæði hafa staðið í skilum með greiðslur til umdæmisins nema klúbbarnir í Færeyjum, Tórshavn, Eysturöy og Rósan, en þessir klúbbar hafa ekki staðið skil á desembergreiðslu, þrátt fyrir ítrekanir þar um.

Svæðisstjóri og fráfaramaður svæðisstjóri Þórssvæðis hafa verið skipaðir í nefnd sem á að vera Færeyjningum til aðstoðar við stofnun nýs svæðis. Í nefnd þessari átti einnig að vera fulltrúi frá klúbbunum í Færeyjum en því miður hefur ekki orðið að því ennþá að þeir skipuðu þann fulltrúa. Við svæðisstjórnir, núverandi og fyrrverandi, höfum þó fundað, bæði með umdæmisstjóra og með klúbbunum úti í Færeyjum auk þess að menn hafa verið í nokkru sambandi um þessi mál bæði símleiðis og með tölvupóstum. Starfið hefur reyndar mest mætt á Jóni Eiríkssyni vegna tengsla hans við Færeyjar og þekkingar á færeysku. Nýlega var klúbbunum í Færeyjum sent bréf um þessi mál þar sem lagðar voru fyrir þá hugmyndir okkar og umdæmisstjóra um þau skref sem þessir klúbbar þurfa að stíga á næstunni vegna stofnunar svæðis í Færeyjum og er vonandi að sú vinna fari að fara í gang.

Reykjavík 22. Janúar 2011

Ingólfur Friðgeirsson

Svæðisstjóri Þórssvæðis,